

## 039/01 - Múlaberg ÓF 32

Múlaberg ÓF 32, skipverji slasast við að setja út troll

### Múlaberg ÓF 32

**Skipaskr.nr.:** 1281

**Smíðaður:** Niigata, Japan 1973 Stál

**Stærð:** 550,00 brl; 808,00 bt

**Lengd:** 53,87 m **Breidd:** 9,50 m **Dýpt:** 6,50 m

**Vél:** Niigata Diesel 1.691,00 kW **Árgerð:** 1973

**Annað:**

**Földi skipverja:** 7



### Atvikalýsing

Hinn 16. mars árið 2000 var Múlaberg ÓF 32 á veiðum á Rífsbanka. Veður: SV 15 m/sek.

Verið var að láta trollið fara og var skipverji að draga leiðara út í stjórnborða þegar kippur kom á hann. Vegna þunga hans missti skipverjinn fótanna og féll í dekkið og slasaðist. Haft var samband við lækni á Siglufirði sem taldi að um marna taug væri ræða og var því veiðum haldið áfram. Tvívegis var haft samband við sama lækni 17. mars. Í fyrra skiptið taldi hann að um væri að tognun í nára en í seinna skiptið lagði hann til að siglt yrði með hinn slasaða í land. Siglt var til Siglufjarðar en ekki var hægt að hlúa að hinum slasaða þar en þar kom í ljós að mjaðmakúlan vinstra megin var brotinn. Hann var sendur til Akureyrar og var hann kominn undir læknishendur þar síðdegis 18. mars.

### Við rannsókn kom fram

- að sögn slasaða var dekkið mjög hált og blautt og löðrandi í rækju og öðrum óhreinindum úr trollinu. Auk þess hafi verið talsverður öldugangur og mikil hreyfing á skipinu þegar óhappið átti sér stað.
- að sögn skipstjórans og annars skipverja sem var vitni að atburðinum var dekkið blautt en laust við alla hálku. Skipstjóri taldi orsök slyssins vera þá að skipverjinn hafi verið á VIKING stígvélum með svörtum botni sem að hans sögn eru mjög hál;
- að ekki voru neinar reglur um borð varðandi fótabúnað skipverja;
- að stígvél hins slasaða, eru talin af skipverjum óheppileg;
- að um 80 sml. voru til Húsavíkur þar sem var næsta sjúkrahús og heilsugæsla;
- að ekki þótti ástæða til að ætla að skipverjinn væri brotinn;
- að eftir slysið eru menn áminntir um að fara varlega þegar þeir taka slaka af leiðara.

### Nefndarálit

Nefndin telur að hinn slasaði, sem var óvanur við þessi störf, hafi ekki verið nægilega upplýstur um þær hættur sem leynast við hin ýmsu störf svo sem að taka slakann af leiðaranum.

Nefndin telur einnig, að ef það er áunnin reynsla manna að sérstakar tegundir stígvéla séu beinlínis hættulegar beri útgerðaraðila og/eða skipstjóra að koma því áleiðis til nýrra starfsmanna.